

Veðurstofa Íslands  
Bústaðavegi 9  
108 Reykjavík

Reykjavík, 11. júlí 2019  
UST201907-014/P.V.B.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Surtsey**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Veðurstofa Íslands, dagsett 2. júlí 2019, um breytingu á faraleyfi til Surtseyjar. Upprunalega var sótt um faraleyfi fyrir starfsmenn Veðurstofunar þann 30. apríl 2019. Var leyfið veitt þann 31. maí 2019

Surtsey er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 50/2006. Óheimilt er að fara í land í Surtsey nema með skriflegu leyfi Umhverfisstofnunar. Heimilt er að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna sem tengjast þeim, eða til kvikmyndatöku og/eða ljósmyndunar vegna gerðar fræðsluefnis með sérstaka skírskotun til Surtseyjar eða rannsókna þar.

#### **Lýsing verkefnis:**

Um er að ræða árlegan leiðangur Veðurstofu Íslands til Surtseyjar vegna viðhalds veðurstöðvar og vefmyndavélar sem staðsett er í eyjunni. Þann 30. apríl síðastliðin var sótt um leyfi fyrir tvo starfsmenn veðurstofunar sem til stóð að yrðu í samfloti með árlegum leiðangri líffræðinga til eyjarinnar. Vegna mannabreytinga er sótt um fararleyfi fyrir nýjum leiðangursmanni sem myndi leysa annan þeirra af hólmi. Til viðbótar er er sótt um fararleyfi fyrir 1 kvikmyndatökumann sem vinnur að gerð heimildarmyndar um Veðurstofuna í tilefni af 100 ára afmæli hennar. Fyrir kvikmyndagerðarmannsins til Surtseyjar ræðst af því hvort möguleiki er á að sækja starfsmenn Veðurstofunar samdægurs til eyjarinnar þar sem ekki er gistiþláss fyrir viðkomandi í eyjunni vegna leiðangurs líffræðinga. Ráðgert er að kvikmyndatökumaðurinn myndi dvelja í eyjunni hálfan dag.

#### **Umsagnir:**

Umhverfisstofnun óskaði álits leiðangursstjóra líffræðileiðangursins vegna umsóknarinnar og lagðist hann ekki gegn því að leyfið yrði veitt.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur dvöl starfsmanna Veðurstofunar ekki líklega til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Um er að ræða ferð vegna viðhalds veðurstöðvar en niðurstöður mælinga úr stöðinni nýtast við rannsóknir í eyjunni. Umhverfisstofnun metur það að veita kvikmyndatökumanni fararleyfi hluta úr degi til að fylgja eftir starfsmönnum Veðurstofunar í eyjunni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Um er að ræða gerð fræðslumyndar um starfsemi Veðurstofunar. Heimildarmyndin hefur því skírskotun til verkefnis sem tengist rannsóknum í eyjunni. Hafa ber í huga að gistiþláss í eyjunni er

takmarkað og verður því að vera tryggt að kvikmyndatökumaðurinn komist samdægurs úr eyjunni þar sem ekki er gistiþláss fyrir hann.

### **Skilyrði:**

Fararleyfi fyrir Ágúst Gunnlaugsson, Veðurstofa Íslands til Surtseyjar sem gefið var út 31. maí 2019 er dregið til baka með bréfi þessu. Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir leiðangri Veðurstofu Íslands til Surtseyjar sbr. lýsingu hér að ofan þann 15. júlí 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Fararleyfið gildir eingöngu fyrir eftirtalda aðila:
  - Vilhjálmur S. Þorvaldsson, Veðurstofa Íslands, viðhald á veðurstöð.
  - Tryggvi Hjörvar, Veðurstofa Íslands, viðhald á veðurstöð.
  - Valdimar Leifsson, kvikmyndagerðarmaður vegna gerðar heimildarmyndar um Veðurstofu Íslands. Gildir fararleyfi hans til eyjarinnar einungis ef um dagsferð er að ræða og ekki dvalið í eyjunni yfir nótt.
- Takmarka skal þann tíma sem dvalið er á svæðinu eins og kostur er.
- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær brottför er til Surtseyjar með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Leiðangursmenn skulu gæta þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur, plöntuhlutar og jarðvegur berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins. Er það á ábyrgð leiðangursstjóra að tryggja að allir leiðangursmenn viti af þessu og sjái til þess að það sé gert.
- Ef í ljós kemur að hreinsun fatnaðar og/eða búnaðar er ábótavant getur eftirlitsmaður farið fram á að búnaður sé skilinn eftir, frestað för þar til úrbætur hafa farið fram eða farið fram á að fararleyfi viðkomandi sé afturkallað.
- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem til fellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.
- Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrirmælum starfsmanns friðlandsins.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að í Verndar- og stjórnunaráætlun Surtseyjar sem samþykkt var 2014 fer Umhverfisstofnun fram á að þeir vísindamenn og fjölmiðlamenn sem fá leyfi til að heimsækja Surtsey skili niðurstöðum sínum/lokaafurð (skýrslum, greinum og myndefni) án endurgjalds til Umhverfisstofnunar þar sem þær kunna að nýtast til fræðslu og kynningar á friðlandinu. Miða skal við að afhending niðurstaða/lokaafurðar eigi sér stað eigi síðar en ári eftir að ferð er farin. Ef um er að ræða árleg vöktunarverkefni eða rannsóknarverkefni sem stendur yfir í meira en eitt ár skal skila inn framvinduskýrslu árlega.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leiðbeiningar um hreinsun fatnaðar og búnaðar er að finna í fylgiskjali með bréfi þessu.

Virðingarfyllst

  
Þórdís Vilhelmina Bragadóttir  
sérfræðingur

  
Daniel Freyr Jónsson  
sérfræðingur